

Ársskýrsla skólafélagsráðgjafa

Skólaárið 2024-2025

Halla Dröfn Jónsdóttir

Félagsráðgjafi

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Skólafélagsráðgjöf og kynningastarf	2
Tengiliður í þágu farsældar barna	2
Ráðgjöf og einstaklingsviðtöl	3
Samstarf og símenntun	4
Umræður og framtíðarsýn	5

Skólafélagsráðgjöf og kynningastarf

Skólaárið 2024–2025 starfaði einn félagsráðgjafi við Fjölbrautaskóla Suðurlands í 90% stöðuhlutfalli. Um er að ræða nýlegt hlutverk innan skólans, en félagsráðgjafi var fyrst ráðinn í byrjun mars 2023. Við upphaf haustannar var haldinn nýnemadagur þar sem félagsráðgjafi kynnti starf sitt fyrir nýnemum og svaraði spurningum þeirra. Einnig tók félagsráðgjafinn þátt í foreldrakynningu nýnema þann 19. september í sal skólans, sem og í opnu húsi þann 19. mars, þar sem nemendur í 10. bekk og forráðamenn þeirra fengu tækifæri til að kynna sér námsframboð og þjónustu skólans.

Þann 27. janúar tók skólinn þátt í málþinginu *Farsæld til framtíðar*, þar sem fjallað var um innleiðingu farsældarlaganna í stofnunum og sveitarfélögum. Fjölbrautaskóli Suðurlands var valinn sem fulltrúi framhaldsskóla og fékk tækifæri til að kynna þróun innleiðingarinnar innan skólans. Þá var félagsráðgjafi skólans með kynningar fyrir nemendur í farsældarnámi við Háskóla Íslands og á félagsráðgjafapingi sem haldið var á Grand Hótel í febrúar 2025, þar sem megináhersla var lögð á skólafélagsráðgjöf og farsældarvinnu. Að lokum hélt félagsráðgjafi erindi á aðventufundi Félagsráðgjafafélags Íslands, þar sem fjallað var um börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

Tengiliður í þágu farsældar barna

Samkvæmt reglugerð um tengiliði og málstjóra skal að minnsta kosti einn starfsmaður gegna hlutverki tengiliðs í hverjum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Félagsráðgjafi Fjölbrautaskóla Suðurlands hefur gegnt þessu hlutverki samhliða því að leiða innleiðingu farsældarlaganna innan skólans. Á síðasta skólaári hefur félagsráðgjafi átt fjölda samtala við nemendur, foreldra og fagaðila í tengslum við samþættingu þjónustu. Í þremur málum var óskað eftir gerð stuðningsáætlunar þar sem sveitarfélagið tók að sér hlutverk málstjóra, enda var þörf á viðameiri þjónustu. Á vorönn 2025 sat félagsráðgjafi í sjö slíkum teymum: fjórum á öðru þjónustustigi þar sem félagsþjónusta sveitarfélagsins fór með málstjórn, og þremur á þriðja þjónustustigi þar sem barnavernd gegndi málstjórn.

Sem tengiliður skólans hefur félagsráðgjafi jafnframt skipulagt og fylgt eftir málum í samþættingu á fyrsta þjónustustigi. Slík mál voru 14 talsins á haustönn 2024 og 15 á vorönn 2025. Heildarfjöldi mála var svipaður og árið á undan, þó að um ný mál hafi verið að ræða. Mál sem unnin eru í samþættingu á fyrsta stigi eru fjölbreytt að eðli og umfangi. Þau snúa

m.a. að persónulegum áskorunum nemenda, hegðunar- og heilsufarsvanda, námsörðugleikum og erfiðum samskiptum á heimili eða í skóla.

Ráðgjöf og einstaklingsviðtöl

Eitt af meginhlutverkum skólafélagsráðgjafa er að veita nemendum félagslega og persónulega ráðgjöf. Nemendur leituðu til félagsráðgjafa af ýmsum ástæðum, þar á meðal vegna vanlíðunar, einmanaleika, kvíða, álags, samskiptavanda, erfiðra heimilisaðstæðna og annarra félagslegra áskorana. Í öllum viðtölum er lögð áhersla á valdeflingu nemenda og lausnamiðaða nálgun. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur, með hagsmuni hans og heildarsýn að leiðarljósi. Miðað er við að aðkoma skólafélagsráðgjafa sé fyrirbyggjandi inngrip en forsjáraðilar geta einnig óskað eftir viðtali vegna ungmenna.

Í viðtölum er leitast við að leggja mat á aðstæður nemanda og veita stuðning í 2 - 4 viðtölum að meðaltali. Í sumum tilvikum hefur félagsráðgjafi þó átt fleiri fundi með nemendum, einkum þegar um er að ræða bið eftir sérhæfðari þjónustu utan skólans og nemendur þurfa stuðning á meðan á bið stendur. Til að kortleggja líðan og aðstæður nemenda nánar voru í ákveðnum tilfellum lagðir fyrir sjálfsmatslistar, s.s. Depression and Anxiety Stress Scale (DASS), PHQ-9, GAD-7, og Sjálfsmatskvarði Robsons (SCQ). Þá var einnig notast við viðtalsskimun byggða á ACEs (Adverse Childhood Experiences). Slíkir listar nýtast við mat á vanda og hvort tilefni sé til frekari greiningar og meðferðar, þó þeir séu ekki lagðir fyrir í öllum tilvikum. Þegar talið var að nemandi þyrfti á sérhæfðari þjónustu að halda, veitti félagsráðgjafi aðstoð við að finna viðeigandi úrræði og koma máli í réttan farveg innan annarra kerfa í samvinnu við nemanda og eftir atvikum forsjáraðila.

Skólaárið 2024–2025 leituðu alls 138 nemendur eftir þjónustu félagsráðgjafa í einstaklingsviðtölum 77 á haustönn og 61 á vorönn. Af þessum beiðnum mættu sjö nemendur ekki í boðað viðtal. Flestir nemendur pöntuðu viðtal sjálfir í gegnum rafrænt bókunarkerfi, en einnig með aðstoð stoðþjónustu eða forsjáraðila. Góð nýting var á þjónustunni og flestir nemendur sem mættu í fyrsta viðtal komu aftur. Viðtöl eru að jafnaði um 50 mínútur að lengd, en þau geta verið bæði styttri og lengri eftir þörfum.

Viðtölum fjölgaði um 20% frá fyrra skólaári, þrátt fyrir að skólastarf hafi raskast verulega á haustönn vegna fimm vikna kennaraverkfalls. Nokkrir nemendur leituðu sérstaklega eftir stuðningi vegna erfiðleika við að ná aftur tókum á daglegri rútínu og kvíða sem tengdist

óvissunni í kringum verkfallið. Heilt yfir virðist nemendum þó hafa gengið vel að fóta sig í skólastarfinu að verkfalli loknu.

Samstarf og símenntun

Mikil samvinna er á milli félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa skólans. Til stóð að eiga saman fasta fundi aðra hverja viku sem ekki gekk eftir að öllu leyti þetta námsár. Þar sem starf félagsráðgjafa er enn í mótun innan skólans er ljóst að leggja þarf meiri áherslu á að forgangsraða betur næsta námsár með vikulega samráðsfundi í huga. Samstarfið við náms- og starfsráðgjafa skólans hefur reynst félagsráðgjafa dýrmætt bæði í tengslum við mótun starfsins en einnig í tengslum við mál einstaka nemenda. Samstarf við hjúkrunarfræðing skólans hefur verið gott en vonir standa til áframhaldandi samstarfs þegar viðvera hennar verður meiri. Með þverfaglegri samvinnu innan stoðþjónustunnar er stuðlað að því að nemendur fái góða þjónustu við hæfi.

Á haustönn 2024 var stofnað EKKO teymi innan skólans. Í teyminu sitja námsráðgjafar og félagsráðgjafi, sem jafnframt gegnir hlutverki teymisstjóra. EKKO teymið er viðbragðsteymi sem kemur að málefnum nemenda þar sem grunur er um einelti eða kynferðislega/kynbundna áreitni eða ofbeldi (EKKO mál). Á haustmánuðum hlaut teymið styrk úr Fageflingasjóði FSu og vann í framhaldinu að uppfærslu EKKO upplýsinga á heimasíðu skólans ásamt því að útbúa bækling sem ætlaður er sem leiðarvísir fyrir nemendur og starfsfólk. Sú vinna mun halda áfram á næsta skólaári og verður afraksturinn kynntur starfsfólki.

Félagsráðgjafi hefur átt gott samstarf við umsjónarkennara erlendra nemenda og sviðsstjóra sérnámsbrautar, en skólinn býr að fjölbreyttum nemendahópi og samvinna í málefnum nemenda í forgrunni. Töluvert reynir einnig á samvinnu við aðila og stofnanir utan skóla s.s. grunnskóla og skólaþjónustur, félagsþjónustur sveitarfélaga og fósturheimili á vegum barnaverndaryfirvalda.

Félagsráðgjafi skólans hefur haldið utan um samskipti við barnaverndarþjónustur sveitarfélaganna sl. skólaár. Tilkynningum til barnaverndar hefur fjölgað á síðastliðnum árum en einnig er meira um að barnaverndarþjónustur óski eftir upplýsingum í málum barna. Þá hefur félagsráðgjafi setið fjölmarga teymis- og yfirfærslufundi í málum barna.

Í starfslýsingu félagsráðgjafa er kveðið á um ráðgjöf til starfsfólks. Helstu mál sem starfsfólk hefur leitað til félagsráðgjafa með eru mál sem varða áhyggjur af líðan og/eða heimilisaðstæðum nemanda, ofbeldi/áreitni og viðbrögð við slíku, hegðunarvanda, samskiptavanda, ráðgjöf í tengslum við önnur þjónustukerfi og/eða persónuleg mál.

Að lokum hefur félagsráðgjafi skólans ásamt Agnesi náms- og starfsráðgjafa setið í framkvæmdarteymi Öruggara Suðurlands sem er svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Hópurinn fundar hálfsmánaðarlega og hefur unnið saman að forvörnum fyrir svæðið. Í tengslum við vinnuna sat u.r. ýmsa fræðslufyrirlestra og kynningar. Á haustönn 2024 sótti félagsráðgjafi réttindanámskeið í Solihull-nálguninni en nálgunin byggir á gagnreyndri þekkingu og þykir áhrifarík í vinnu með ungmennum.

Umræður og framtíðarsýn

Starf félagsráðgjafa við FSu hefur verið afar umfangsmikið og fjölbreytt á skólaárinu 2024–2025. Eftirspurn eftir einstaklingsviðtölum, ráðgjöf og handleiðslu hefur verið stöðug bæði frá nemendum og starfsfólki og þjónustan því vel nýtt.

Verkfall kennara við Fjölbrautaskóla Suðurlands hófst 29. október og varði í fjóra og hálfa viku. Þar sem félagsráðgjafi skólans er ekki aðili að kennarasambandinu starfaði hann áfram á meðan verkfallinu stóð. Nokkrir nemendur nýttu sér föst viðtöl hjá félagsráðgjafa á tímabilinu en foreldrar leituðu einnig nokkuð eftir ráðgjöf og upplýsingum. Á meðan verkfallið varði kallaði félagsráðgjafi eftir úrræðalistum þeirra sveitarfélaga sem tilheyra upptökusvæði skólans og útbjó úrræðalista fyrir skólann í samræmi við farsældarlögin. Í úrræðalistanum er hægt að kynna sér alla þjónustu skólans á einum stað.

Stærsta samstarfsverkefni skólaársins laut að þróun vinnubragða og viðbragða vegna EKKO mála innan skólans. EKKO teymið hefur unnið ötullega að mótun verkferla og eflingu viðbragðsáætlana, en hluti af framtíðarsýn teymisins er að efla samstarf við forvarna- og félagsmálafulltrúa sem og verkefnastjóra Heilsueflandi framhaldsskóla. Stefnt er að því að árlegt samráð eigi sér stað í upphafi hvers skólaárs þar sem áhersla verður lögð á eflingu forvarna og fræðslu.

Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi MA

